

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju 6. nóvember 2023 kl. 20:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 58 konur til fundarins.

Oddný Vala, formaður, setti fund og bauð fundarkonur velkomnar. Hún skýrði frá því að 20 konur hafi bæst í hóp félagskvenna frá síðasta fundi og kvað það sérstaklega ánægjulegt að finna aukinn áhuga á félaginu. Hún sagði meira jafnvægi komið á aldursdreifingu félagskvenna og með því skapist skemmtileg tengsl á milli kynslóða úr fjórðungnum.

Hringskonur voru með glæslegt söluborð á fundinum og rann allur söluágóði í þágu Barnaspítalasjóðs Hringsins. Voru fundarkonur hvattar til að styrkja gott starf með því að kaupa varning af Hringskonum.

Ritari las upp fundargerð októberfundar og var hún samþykkt. Fundargerðir kaffifundanna eru birtar á heimasíðu félagsins.

Elísabet Reynisdóttir næringarfræðingur, betur þekkt sem Beta Reynis, flutti uppbyggilegt og fróðlegt erindi um ýmsa þætti sem bætt geta lífsgæði fólks. Beta, sem ólst upp á Vopnafirði, er vinsæll fyrirlesari og heldur úti heimasíðunni betareynis.is.

Anna Þorsteinsdóttir sem varð 90 ára 30. október sl. og Dóra Gunnarsdóttir, sem varð 80 ára 12. október sl., voru kallaðar upp og þeim afhentur afmælisglaðningur sem innihélt blóm, heklaðan englavæng og kveðju frá félaginu. Salurinn gaf þeim Önnu og Dóru þétt lófatak, þeim til heiðurs.

Sönghópurinn Jólabjöllurnar fluttu nokkur falleg jólalög fyrir viðstadda. Sönghópurinn er mikið bókaður allan desembermánuð en sá sér þess fært að mæta á nóvemberfundinn og var það slegið.

Bæði Beta og Jólabjöllurnar fluttu sín atriði endurgjaldlaust og kann félagið þeim miklar þakkir fyrir.

Formaður skýrði frá því að ef mætingin yrði áfram góð á næstu fundum þá myndi félagið létta undir varðandi kaffiveitingarnar, svo að þær sem starfa í kaffinefnd þurfi ekki að leggja eins mikið til. Minnt var á að þær sem starfa í kaffinefnd greiða ekki aðgangseyri að veitingunum það skiptið.

Í kaffinefnd fundarins voru Elínros Eiríksdóttir, Bjarney Aðalheiður Pálsdóttir, Guðlaug Methúsalemsdóttir, Kristín Hjartardóttir, Kristín Ásbjörnsdóttir, Margrét Fríða Unnarsdóttir og Herdís Pétursdóttir.

Minnt var á jólafund félagsins sem haldinn verður mánudaginn 4. desember. Formaður óskaði eftir aðstoð félagskvenna við að útvega vinninga í happdrættið sem þá verður haldið.

Formaður þakkaði frábæra mætingu á fundinn, sleit formlegri fundardagskrá en hvatti fundarkonur til að fá sér meira af veitingum og njóta þess að spjalla áfram saman.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.